

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 16/1999
frá 26. febrúar 1999

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 70/98 frá 31. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/12/EB frá 27. janúar 1998 um aðlögun að
tækniframförum á tilskipun ráðsins 71/320/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna
um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra⁽²⁾ skal
felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/14/EB frá 6. febrúar 1998 um aðlögun að
tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna
um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum⁽³⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 8.7.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 81, 18.3.1998, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 91, 25.3.1998, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0014**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/14/EB frá 6. febrúar 1998 (Stjtið. EB L 91, 25.3.1998, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 71/320/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0012**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/12/EB frá 27. janúar 1998 (Stjtið. EB L 81, 18.3.1998, bls. 1).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 98/12/EB og 98/14/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner